

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/57/01

frá 21. nóvember 2001

um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 3687)

(2001/812/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr. og 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skoðunarstöðvar á landamærum, þar sem framleiðsluvörur eru afgreiddar, verða að standast almenn skilyrði II. viðauka við tilskipun 97/78/EB til að hægt sé að viðurkenna þær og skrá í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- 2) Í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist með skoðunum Matvæla og dýraheilbrigðisskrifstofunnar er nú við hæfi að breyta og uppfæra nákvæm fyrirmæli til skoðunarstöðva á landamærum og tilheyrandi skoðunarmiðstöðva. Í þessari ákvörðun er gerð grein fyrir því hvaða aðstöðu, búnaðar og tilhögunar er krafist og felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/525/EBE ⁽²⁾.
- 3) Allt húsnæði, sem er notað undir skoðunarstöð á landamærum, skal vera bæði undir eftirliti opinbers dýralæknis og aðgengilegt hvenær sem hann þarf að fara þar inn, þ.m.t. öll herbergi í viðkomandi byggingum sem eru notuð í atvinnuskyni.
- 4) Til að stuðla að skilvirkni á stöðum þar sem aðeins eru afgreiddir tilteknir flokkar framleiðsluvara skal einungis skrá skoðunarstöðvar á landamærum með tilliti til þeirra flokka og kann aðstaðan þá að takmarkast við og henta einungis þeim flokkum framleiðsluvara.
- 5) Rétt er að hafa sveigjanleika til að hægt sé að skipta skoðunarstöðvum á landamærum upp í mismunandi skoðunarmiðstöðvar þar sem í raun er hægt að rannsaka framleiðsluvörurnar án þess að þörf sé á aukaskrifstofum, tilteknum upplýsingaskjölum eða búnaði sem er fyrir hendi annars staðar í húsnæði stöðvarinnar.
- 6) Samt sem áður verður að takmarka fyrrgreindan sveigjanleika til að tryggja að starfsemi skoðunarmiðstöðva

sé í raun undir eftirliti opinbers dýralæknisog að þær séu ekki of langt frá viðkomandi aðalskrifstofu, en í slíku tilviki ber að samþykka miðstöðvar sem sjálfstæðar skoðunarstöðvar á landamærum.

- 7) Skoðunarstöð á landamærum og tilheyrandi skoðunarmiðstöðvar skulu því standast þær lágmarkskröfur um aðstöðu, búnað og rekstrarskilyrði sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun.
- 8) Framkvæmdastjórnin verður að samþykka allar skoðunarstöðvar á landamærum og þær verða að vera skráðar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- 9) Með tilliti til gagnsæi skulu allar skoðunarmiðstöðvar, sem eru notaðar sem hluti af tiltekinni skoðunarstöð á landamærum, skráðar ásamt heiti sjálfrar skoðunarstöðvarinnar í viðkomandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Á skoðunarstöð á landamærum skal vera aðstaða fyrir dýraheilbrigðiseftirlit sem opinber dýralæknir ber ábyrgð á eða, þegar um fiskafurðir er að ræða, annaðhvort opinberi dýralæknirinn eða opinberi umboðsmaðurinn sem um getur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE ⁽³⁾ og skal þannig háttáð til að aðstaðan sé ein fullbúin vinnueining. Ef skoðunarstöð á landamærum samanstendur af margskiptri aðstöðu, sem er þó á sama stað, ræðst heiti skoðunarstöðvarinnar af landfræðilegri legu aðstöðunnar.

2. Á skoðunarstöð á landamærum verður að vera öll aðstaða, sem er tilgreind í 4. gr. þessarar ákvörðunar, til að leggja fram afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum fyrir innflutning til bandalagsins og framfylgja tilskilinni sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 306, 23.11.2001, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 331, 17.11.1992, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 144, 16.6.1993, bls. 25.

3. Sé það nauðsynlegt vegna legu eða stærðar landamæra- staðar, eða skilvirkar umsjónar með eftirliti á landamærum, getur skoðunarstöð á landamærum haft mismunandi aðstöðu eða skoðunarmiðstöðvar til að framfylgja tilskildu eftirliti með þeim flokkum framleiðsluvara sem hún er viðurkennd fyrir.

2. gr.

1. Með fyrirvara um II. viðauka við tilskipun 97/78/EB verða allar skoðunarstöðvar á landamærum, sem um getur í 6. gr. þeirrar tilskipunar, að hafa aðstöðu, starfsmenn, búnað og fylgja starfsreglum stöðvarinnar, eins og tilgreint er í þessari ákvörðun og viðaukanum við hana, svo að hægt sé að viðurkenna þær og skrá í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og viðhalda viðurkenningunni.

2. Húsnæði, sem er notað undir skoðunarstöð á landamærum, eða tilheyrandi skoðunarmiðstöð, verður að vera undir skilvirku eftirliti opinbers dýralæknis eða, þegar um fiskafurðir er að ræða, annaðhvort opinbers dýralæknis eða opinbers umboðsmanns sem um getur í ákvörðun 93/352/EBE og að vera aðgengilegt hvenær sem er eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

1. Aðildarríki getur lagt til að skoðunarstöð á landamærum verði að lokinni viðurkenningu skráð opinberlega sem hæf til að skoða alla eða eingöngu tiltekna flokka framleiðsluvara. Í síðara tilvikinu verður aðildarríkið að sýna fram á að stöðin hafi nauðsynlega aðstöðu, starfsmenn og búnað til að annast skoðun þessara framleiðsluvara.

2. Í skrá í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* er tilgreint hvort skoðunarstöðvar á landamærum liggja við hafnir, flugstöðvar, þjóðveggi eða járnbrautarstöðvar. Í skránni skal tilgreina þá flokka framleiðsluvara sem viðurkenning stöðvarinnar og, ef við á, skoðunarmiðstöðvarinnar nær til, þ.m.t. upplýsingar um frekari takmarkanir varðandi framleiðsluvörur sem kunna að vera skoðaðar á tiltekinni skoðunarstöð á landamærum.

3. Ef viðurkenning skoðunarstöðvar á landamærum takmarkast við tiltekna flokka framleiðsluvara eingöngu getur aðstaðan þar takmarkast við það sem er nauðsynlegt til dýraheilbrigðiseftirlits með þeim tilteknu flokkum framleiðsluvara.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt, þegar um er að ræða djúpfryst sæði og fósturvísu sem hægt er að flytja við umhverfishita í lokuðum umbúðum við stýrð hitaskilyrði, að láta fara fram skoðun á skoðunarstöðvum á landamærum sem eru skráðar að því er varðar framleiðsluvörur sem ekki eru ætlaðar til manneldis og eru við umhverfishita.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á grunnvirki eða rekstri skoðunarstöðvar á landamærum eða á tilheyrandi skoðunarmiðstöð sem að einhverju leyti varða uppfærslu skráningar. Aðildarríkin

geta lagt til að framkvæmdastjórnin viðurkenni fleiri flokka framleiðsluvara til afgreiðslu á skoðunarstöð á landamærum og breyti skránni til samræmis við það eftir að lögbært yfirvald hefur gengið úr skugga um að aðstaðan samræmist ákvæðum þessarar ákvörðunar.

4. gr.

1. Aðstaðan á viðurkenndum skoðunarstöðvum á landamærum verður að vera byggð, útbúin, viðhaldið og rekin í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun og viðkomandi löggjöf bandalagsins. Gæti ekki fyllsta samræmis í ákvæðum um hreinlæti er heimilt að beita innlendum viðbótarkröfum þar að lútandi.

2. Á viðurkenndri skoðunarstöð á landamærum verða að vera a. m. k. eftirtaldar einingar, sem ekki mega vera lengra hver frá annarri en hentugt getur talist vegna starfseminnar:

a) skrifstofa með fjarskiptabúnaði, þ.m.t. síma, bréfasíma, útstöð fyrir Animo-kerfið, ljósrítunarvél, öllum nauðsynlegum upplýsingaskjölum og skjalageymslu undir skjöl er varða skoðun framleiðsluvara;

b) sameiginlegir salir, þ.m.t. búningaklefar, salerni og hand-laugar fyrir starfsmenn skoðunarstöðvar á landamærum, sem einungis er heimilt að deila með öðrum starfsmönnum er starfa við opinbert eftirlit;

c) svæði til að afferma flutningatæki, sem skal vera afgirt eða undir þaki, þó ekki þegar um er að ræða sendingar af ull sem ekki er í ílátum, unnið dýrapróttín sem er í lausavigt og hentar ekki til manneldis, húsdýraáburð eða fugladrit í lausavigt eða fljótandi oliur og fitu í lausu, flutt með bátum sem þurfa ekki að vera með þaki;

að því er varðar framleiðsluvörur sem eru geymdar við stýrð hitaskilyrði og ætlaðar til manneldis skal leiðin milli flutnings- og affermingarsvæðis vernduð eða lokuð, þó ekki þegar um er að ræða fisk sem undanþágan, sem um getur í 2. gr. ákvörðunar 93/352/EBE og 2. lið II. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE ⁽¹⁾, gildir um;

d) skoðunarsalur þar sem vörurnar eru skoðaðar og sýni tekin til frekari prófana. Sýnatökusvæðið þarf ekki að vera aðskilið frá skoðunarsalnum;

e) hentug geymslurými eða -svæði þar sem vörusendingar, sem haldið er eftir á meðan beðið er eftir niðurstöðum frá rannsóknarstofu eða úr öðrum rannsóknum, eru geymdar kældar, frystar eða við umhverfishita undir eftirliti opinbers dýralæknis.

3. Á skoðunarstöðvum á landamærum, sem eru viðurkenndar til afgreiðslu á kældum og frystum vörum og vörum sem eru geymdar við umhverfishita, skal vera hægt að geyma samtímis nægilegt magn af vörum í hverjum hitastigsflokki. Opinberi dýralæknirinn skal hvenær sem er hafa nauðsynlegt geymslurými til ráðstöfunar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15.

Heimilt er að nota vörugæmslu í grennd við skoðunarstöð á landamærum og á sama hafnar- eða tollsvæði, undir eftirliti opinbers dýralæknis og að því tilskildu að vörurnar, sem haldið er eftir, séu hafðar í aðskildum læsanlegum sölum, herbergjum eða svæðum sem eru greinilega aðskilin frá öllum öðrum vörum.

Heimilt er að nota aðskilda gáma, sem standa stakir við affermingarsvæðið þar sem þeim hefur endanlega verið komið fyrir, svo framarlega sem gámunum er komið þannig fyrir nálægt affermingarsvæðinu að affermingin geti farið fram í skjóli fyrir veðri og vindum. Á skoðunarstöðvum á landamærum, sem liggja við þjóðvegi, járnbrautarstöðvar eða hafnir, er í undantekningartilvikum og undir eftirliti opinbers dýralæknis leyft að hafa viðbótargæmslurými fyrir hvern vöruflokk um borð í flutningatækinu sem var notað til að flytja sendinguna á stöðina.

4. Afgreiða skal framleiðsluvörur til mannelis og framleiðsluvörur sem ekki eru til mannelis á aðskildum affermingarsvæðum, skoðunarsölum og geymslum. Þrátt fyrir þessa kröfu geta skoðunarstöðvar á landamærum, sem eingöngu eru viðurkenndar að því er varðar vörur í umbúðum, notað sömu affermingarsvæðin, að því tilskildu að framleiðsluvörur til mannelis og framleiðsluvörur sem ekki eru til mannelis séu alveg aðskildar meðan á affermingu stendur og að henni lokinni í því skyni að koma í veg fyrir víxlmengun.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. hér að framan geta skoðunarstöðvar á landamærum, sem afgreiða færri en 500 sendingar á ári, nýtt sömu aðstöðu fyrir affermingu, skoðun og gæmslu allra framleiðsluvara sem viðurkenning stöðvarinnar nær til, að því tilskildu að sendingarnar séu ekki afgreiddar á sama tíma og að fram fari viðunandi hreinsun og sóthreinsun á húsnæðinu milli sendinga eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

1. Aðildarríkin geta gert tillögu um að nýjar skoðunarmiðstöðvar á viðurkenndum skoðunarstöðvum við landamæri séu skráðar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* eftir að lögbært yfirvald hefur gengið úr skugga um að þær samræmist ákvæðum þessarar ákvörðunar. Aðstaðan á skoðunarstöðvunum skal henta magni og tegund þeirra mismunandi framleiðsluvara sem fara þar um.

2. Ef skoðunarstöð á landamærum skiptist í mismunandi skoðunarmiðstöðvar skulu þær:

- vera á sama tollsvæði eða -umdæmi og skoðunarstöðin á landamærum sem þær tilheyra;
- ekki vera lengra frá viðkomandi aðalskrifstofu skoðunarstöðvar á landamærum en hentugt getur talist vegna starfseminnar og skulu sannanlega vera undir eftirliti opinbers dýralæknis;

— halda sérstaka skrá yfir sendingar sem þar eru skoðaðar.

3. Skoðunarmiðstöðvar þurfa ekki að hafa:

- skjalageymslu, útstöð fyrir Animo-kerfið eða ljósrítunarvél;
- tiltæka alla löggjöf og skjöl um dýraheilbrigðiseftirlit, heldur einungis skjöl sem varða og eru nauðsynleg til dýraheilbrigðiseftirlits á stöðinni.

6. gr.

Við þær aðstæður sem um getur í b-lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 97/78/EB er hæfilegur frestur aðildarríkjana til að verða við tilmælum á grundvelli skoðunarskýrslna, áður en framkvæmdastjórnin tekur skoðunarstöð á landamærum út af skrá að öllu leyti eða að hluta, í síðara tilvikinu með tilliti til þeirra flokka framleiðsluvara og/eða skoðunarmiðstöðva sem tilmælin eiga við um, frá þeim degi að telja þegar tekið er við endanlegri skýrslu á tungumáli aðildarríkisins, sem hér segir:

— vanbúnaður að því er varðar aðstöðu (eingöngu byggingu) eða fjölda starfsmanna: sex mánuðir; ef verið er að byggja nýja aðstöðu í stað annarrar er þó unnt að gefa frest til að ljúka verkinu með samningi milli aðildarríkisins og framkvæmdastjórnarinnar í hverju tilviki fyrir sig;

— vanbúnaður að því er varðar alla aðra þætti: þrjú mánuðir.

Ef alvarleg hættu steðjar að heilbrigði dýra eða manna kann fresturinn að vera styttri.

7. gr.

Ákvörðun 92/525/EBE er felld úr gildi og í samræmi við 33. gr. tilskipunar 97/78/EB skulu ákvæði þessarar ákvörðunar gilda frá tuttugasta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjana.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU SKOÐUNARSTÖÐVA Á LANDAMÆRUM

Til að vera viðurkenndar og skráðar verða skoðunarstöðvar á landamærum að vera byggðar með þeim hætti að unnt sé að tryggja viðunandi hreinlæti og koma í veg fyrir víxlmengun.

Salir skoðunarstöðva á landamærum eða skoðunarmiðstöðva, þar sem vörur eru affermdar, skoðaðar eða geymdar, verða að hafa:

- veggj með sléttri áferð sem hægt er að þvo, sem ásamt gólfum er auðvelt að þrifa og sótthreinsa, og vera með fullnægjandi frærensli;
- hreint loft sem auðvelt er að þrifa;
- nægilega dagsbirtu og lýsingu;
- nóg af heitu og köldu vatni í öllum skoðunarsölum.

1. Tæknibúnaður

- a) Skoðunarstöðvar á landamærum og skoðunarmiðstöðvar verða hvenær sem er að hafa að lágmarki eftirfarandi:
 - tæki (eða aðgang að tækjum) til þess að vigta vörusendingar sem eftirlit er haft með;
 - allan búnað sem er nauðsynlegur til þess að opna og athuga vörusendingar sem eru lagðar fram til rannsóknar;
 - hreingerningar- og sótthreinsunarbúnað, sem komið er fyrir á hentugum stöðum með tilliti til starfseminnar á stöðinni, eða skilvirka og skjalfesta hreingerningar- og sótthreinsunarþjónustu sem utanaðkomandi aðili sér um;
 - búnað til að halda réttu hitastigi í sölum með stýrðu umhverfi.
- b) Í skoðunarsölum verður að lágmarki að vera:
 - vinnuborð með sléttri áferð sem hægt er að þvo og auðvelt að þrifa og sótthreinsa;
 - búnaður til sýnatöku, þ.e. sög, hnifur, dósaopnari, verkfæri til að taka sýni úr vörusendingum og ílát undir sýni;
 - innsigli límband og tölusett innsigli eða merkimiðar, greinilega merkt til að tryggja rekjanleika;
 - hitamælir til að mæla yfirborðs- og kjarnahita, vog og sýrustigsmælir fyrir ferskar vörur;
 - búnaður til þiðnunar eða örbylgjuofn;
 - aðstaða til þess að geyma sýni tímabundið við stýrðan hita þar til þau eru send á rannsóknarstofu. Einnig skulu vera tiltæk hentug ílát til þess að flytja sýnin í.
- c) Skoðunarstöðvar á landamærum og skoðunarmiðstöðvar, sem einungis eru viðurkenndar til eftirlits með tilteknum flokkum framleiðsluvara, verða að hafa:
 - þann búnað sem talinn er upp í a- og b-lið hér að framan, eftir því sem við á, að því er varðar vörur sem eru afgreiddar á stöðinni.

2. Starfsmannahald

1. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu reknar á ábyrgð opinbers dýralæknis eða, þegar um fiskafurðir er að ræða, annaðhvort opinbera dýralæknisins eða opinbera umboðsmannsins sem um getur í ákvörðun 93/352/EBE, sem verður að vera staddur á skoðunarstöð á landamærum og skoðunarmiðstöðvunum á meðan eftirlit fer fram. Á stöðinni skal vera nógu margt starfsfólk til að framfylgja öllu nauðsynlegu eftirliti á skoðunarstöðinni;
2. Opinberi dýralæknirinn getur látið sérmenntað starfsfólk, sem vinnur undir hans stjórn, aðstoða sig við:
 - a) sannprófun skjala;
 - b) sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sýnatöku og almenna greiningu;
 - c) stjórnsýslustörf og stjórnsýslumeðferð.

Opinberi dýralæknirinn tekur endanlega ákvörðun.

Á skoðunarstöð á landamærum skal haldin skrá yfir þá þjálfun sem starfsfólkið hefur fengið í dýraheilbrigðis-efirliti.

3. Upplýsingaskjöl

Eftirfarandi upplýsingar skulu geymdar á skoðunarstöð á landamærum.

Þar til Shift-kerfinu hefur verið komið á skal opinberi dýralæknirinn, sem ber ábyrgð á eftirliti á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, a. m. k. hafa aðgang að:

1. uppfærðri skrá yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa sem hafa heimild til að senda framleiðsluvörur til bandalagsins eða, eftir atvikum, til tiltekinnna aðildarríkja;
2. afriti af ýmsum ákvörðunum bandalagsins eða aðildarríkjanna um fyrirmynd að heilbrigðisvottorði eða dýraheilbrigðisvottorði eða öðru skjali sem verður að fylgja með afurðum frá þriðju löndum sem eru sendar til bandalagsins eða, eftir atvikum, til tiltekinnna aðildarríkja;
3. uppfærðri skrá yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem hafa heimild til að senda framleiðsluvörur til bandalagsins eða yfir innlendar starfsstöðvar þegar um er að ræða ósamræmdar framleiðsluvörur;
4. afriti af ákvörðunum með verndarskilmálum sem banna eða takmarka innflutning framleiðsluvara til bandalagsins;
5. uppfærðri skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum með nákvæmum upplýsingum um stöðvarnar;
6. uppfærðri skrá yfir viðurkennd frísvæði, tollfrjálsar vörugeymslur og tollvörugeymslur skv. 4. mgr. 12. gr. og yfir viðurkennda rekstraraðila skv. 13. gr. tilskipunar 97/78/EB í öllum aðildarríkjunum;
7. uppfærðri skrá yfir starfsstöðvar sem eru viðurkenndar að því er varðar viðtöku framleiðsluvara sem beint er til þess aðildarríkis, í samræmi við 6. mgr. 8. gr. tilskipunar 97/78/EB;
8. uppfærðri viðeigandi löggjöf EB um framleiðsluvörur og verklagsreglur sem falla undir dýraheilbrigðis-efirlit.

4. Skrár

Enn fremur skal halda eftirfarandi skrár:

1. uppfærðar upplýsingar um sendingar afurða sem bannað hefur verið að koma með eða flytja inn til bandalagsins og hafa verið endursendar. Hvert aðildarríki skal senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni allar upplýsingar um endursendar afurðir. Þar til bær stjórnvöld skulu senda slíkar upplýsingar til allra skoðunarstöðva á landamærum;
2. skrá samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/394/EB frá 6. júní 1997 „um lágmarksupplýsingar sem þurfa að vera í gagnasafni um dýr og dýraafurðir sem komið er með til bandalagsins“⁽¹⁾;
3. skrá yfir vörusendingar sem annaðhvort hafa verið endursendar samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/152/EB⁽²⁾, eyðilagðar eða opinberi dýralæknirinn á stöðinni hefur heimilað að væru notaðar til annars en manneldis. Skráin skal ná yfir öll tilvik þar sem opinberi dýralæknirinn hefur veitt frest til aðgerða eða viðbragða þegar vörum er hafnað, þær settar í umflutning eða beint tiltekna leið og þörf er á framhaldsaðgerð;
4. skrá yfir öll sýni sem eru tekin á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum og sett í rannsóknarstofuþróf, ásamt upplýsingum um rannsóknarstofuþróf sem farið er fram á og niðurstöðum (hagstæðum og óhagstæðum) úr slíkum prófum;
5. tilskilda skrá samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB „um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun 90/675/EBE“⁽³⁾, á tölvutæku formi ef þörf er á.

5. Tilhögun

1. Lögbært yfirvald skal leitast við að tryggja náð samstarf þjónustustofnana sem eiga þátt í eftirliti með afurðum frá þriðju löndum.
2. Allt eftirlit með ástandi og öll sannpröfun auðkenna, þó ekki eftirlit með innsigli, verður að fara fram í tiltekinni skoðunaraðstöðu. Öllu slíku eftirliti skal framfylgt með þeim hætti að komið sé í veg fyrir víxlmenngun og ef nauðsyn ber til skal tekið tillit til stýrðra hitaskilyrða sem framleiðsluvörurnar eru fluttar við. Þegar um er að ræða framleiðsluvörur til manneldis sem eru án umbúða verður allt eftirlit að fara fram í skjóli fyrir veðri og vindum og ber að sjá til þess að hreinlætis og varúðar sé gætt við meðhöndlun slíkra framleiðsluafurða við affermingu og fermingu.
3. Opinberi dýralæknirinn verður a. m. k. að hafa næga þekkingu á fyrirkomulagi á förgun úrgangsefna úr dýraríkinu sem eru losuð úr farartæki á svæði í lögsögu hans. Beri hann enn fremur ábyrgð á förgunaraðgerðum verður að halda skrár yfir eftirlit sem fram hefur farið og frávik sem komið hafa í ljós. Ef annað lögbært yfirvald ber ábyrgð á förguninni skal opinberi dýralæknirinn hafa náð samstarf við þann aðila og hafa tiltækar allar nauðsynlegar og tilskildar upplýsingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 21.6.1997, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 59, 28.2.1997, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41.

-
4. Opinberi dýralæknirinn verður að hafa næga þekkingu á frísvæðum, tollfrjálsum vörugeymslum, tollvörugueymslum eða birgjum sem sjá skipum fyrir vistum sem eru á eða nálægt svæði landamærastöðvarinnar. Reglulegt eftirlit verður að fara fram í vörugueymslunum eða hjá viðkomandi birgjum og halda verður skrá á skrifstofu viðkomandi skoðunarstöðvar á landamærum því til sönnunar.
-